
Sýning til heiðurs minningu frú Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur



Morgunblaðið/Golli

Chihuly kveðst stundum sækja innblástur til hafsins og segir glerið oft ósjálfrátt taka á sig form sjávardýra.



Morgunblaðið/Golli

Jennifer P. Lewis sýningarstjóri.



Morgunblaðið/Golli


Chihuly hefur mikið unnið með opin form sem hann kallar körfur og nýtir litrófið til hins ýtrasta.

Glerið er farvegur ljóss og lita

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, opnar í dag kl. 17.30 sýninguna „Chihuly á Íslandi – Form úr eldi“ á Kjarvalsstöðum. Sýningin er haldin til heiðurs minningu frú Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur. **Sigurbjörg Þrastardóttir** kynnti sér verklag glerlistamannsins Dale Chihuly sem þykir einn sá fremsti á sínu sviði í heiminum.



Dale Chihuly



Morgunblaðið/Golli

Þessi veglega „ljósakróna“ vegur hátt í 300 kíló og er samsett úr hundruðum glereininga sem vefjast saman eftir kúnstarinnar reglum.

LITADÝRÐ setur svip á Kjarvalsstaði næsta mánuðinn þar sem fjölbreyttum glerskúlptúrum Bandaríkjamannsins Dale Chihuly hefur verið komið fyrir í vestursal. Samverkamenn listamannsins hafa unnið að samsetningu og uppsetningu verkanna síðustu daga og er það ærinn starfi, enda verkin ekki aðeins brothætt heldur mörg hver flókin að byggingu. Nefna má að eitt verkanna var flutt til Kjarvalsstaða í yfir eitt þúsund pörtum sem geymdir voru í ónúmeruðum kössum.

„Dale er hrifinn af dálítilli óreiðu og því er sama verkið aldrei sett tvisvar nákvæmlega eins saman. Þó er ekki þar með sagt að hver sem er geti tekið að sér samsetninguna, fagurfræði listamannsins lýtur ákveðnum reglum sem við í starfsliðinu höfum numið af honum í áralöngu samstarfi,“ segir Jennifer P. Lewis, hægri hönd Chihulys. Sjálfur er listamaðurinn fjarri góðu gamni, en í gærkvöld varð ljóst að af komu hans til landsins gæti ekki orðið.

Samvinna er lykilhugtak

„Öll verkin á sýningunni eru valin eða sérstaklega smíðuð með þetta sýningarrými í huga. Út frá upplýsingum um lofthæð, veggjaskipan, lýsingu og fleira valdi Dale ákveðin verk, bjó til ný og gaf jafnframt fyrirmæli um uppröðun þeirra innbyrðis,“ útskýrir Lewis sem haft hefur yfirumsjón með undirbúningi sýningarinnar. Hún lofar samstarfið við starfsfólk Kjarvalsstaða og segir einstaklega góða samvinnu hafa tekist um framkvæmdina.

„Við erum að okkar hálfu vön teymisvinnu þar sem verk Dale byggjast alfarið á slíku verklagi. Hann kynntist því í Feneyjum þar sem hann fullnam sig í glerlistinni á sjöunda áratugnum, að listamennirnir þurfa ekki að pukrast hver í sínu horni, eins og títt var vestan hafs á þeim tíma. Ásetningur hans varð að skapa stærri og metnaðarfyllri verk með víðtækri samvinnu.“

Þessi hugsjón Chihulys birtist skýrt í verkinu „Chihuly over Venice“ þar sem hann vann með glerblástursmönnum frá fjórum löndum að stórum skúlptúrum sem hengd voru yfir síki Feneyja árið 1997.

„Segja má að Dale vinni eins og arkitekt eða jafnvel kvikmyndaleikstjóri,“ segir Lewis. „Hugmyndirnar eru hans en margir vinna að því að fullskapa verkin. Allir hafa skoðanir á verkunum og stundum tekur hann mið af ábendingum – hann notar þær þó sjaldnast óbreyttar heldur fer um þær eigin höndum eins og alvöru listamanna er siður. Dale hefur ákveðna sýn, það má segja að hann sjái fegurð í fleiru en við hin og með verkum sínum opnar hann augu okkar fyrir þeirri fegurð.“

Brautryðjandi í glerskúlptúr

Frá því Chihuly kynntist glerblæstri á sjöunda áratugnum hefur hann verið óþreytandi við að vinna greininni fylgi, bæði með stofnun glerlistadeilda við skóla vestanhafs og með markvissu alþjóðlegu samstarfi. Honum hafa hlotnast alþjóðlegar viðurkenningar fyrir list sína og heiðursdoktorsnafnbætur við ýmsa skóla. Að sögn Lewis er hann óumdeilanlegur brautryðjandi í glerskúlptúr í Bandaríkjunum og þótt víðar væri leitað.

„Hann var í fylkingarbrjósti glerbylgjunnar sem fór af stað í Bandaríkjunum eftir að aðferð fannst til glerframleiðslu utan stóru verksmiðjanna um miðja síðustu öld. Litlar vinnusmiðjur spruttu upp og hipparnir tóku að nota gler í ýmsa gjörninga og „performansa“. Áhrif þessarar hreyfingar hafa skilað sér til samtímalistamanna sem nú nota gler í æ ríkara mæli í skúlptúra sína.“

Í verkum Chihulys er mikil hreyfing og í verkum sínum vinnur hann gjarnan með rými og tengsl skúlptúranna við umhverfið. „Glerblástur snýst um hreyfingu þar sem fljótandi gler tekur á sig fast form. Gler er líka farvegur fyrir ljós og liti og af þeim sökum erum við með sérstakan ljósameistara sem sér um lýsinguna á sýningunum,“ segir Lewis og bætir við að Chihuly vinni ævinlega að mörgum verkefnum samtímis. Um þessar mundir stendur til að mynda yfir viðamikil sýning á höggmyndum hans í Davíðsturni í gamla hluta Jerúsalem, þar sem hann tengir saman fornfrægar byggingar og margbrotin höggmyndaverk úr gleri, og í næstu viku hefst sýning á verkum hans í Adelaide í Ástralíu.

Innsetningar á Reykjanesi

Sýningin á Kjarvalsstöðum er tileinkuð minningu frú Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur, en henni kynntist Chihuly í gegnum sameiginlega kunningja þegar forsetafrúin gekkst undir læknismeðferð í Seattle. „Dale fann til mikillar samkenndar með forsetanum og með íslensku þjóðinni vegna missis þeirra og vildi sýna hug sinn í verki með því að heiðra minningu frú Guðrúnar Katrínar á þennan hátt. Dale hefur einu sinni komið til Íslands, sem ungur maður, og heillaðist þá af náttúrufegurðinni og fjölbreyttri ásýnd landsins. Nú fær hann loksins tækifæri til þess að vinna með Íslendingum, þótt óbeint sé í þetta sinn,“ segir Lewis og vísar til þess að dagana 15.-17. apríl muni samstarfsmenn Chihulys með fulltingi 35 íslenskra myndlistarmanna og -nema byggja innsetningar undir berum himni úr 600 glerformum sem Chihuly lét blása fyrir sig í Finnlandi með íslenska náttúru í huga. Verkin verða vandlega myndað og kemur afraksturinn út á myndbandi og bók með myndum Guðmundar Ingólfssonar ljósmyndara. Sigrún Ó. Einarsdóttir og Sören S. Larsen hjá Gleri í Bergvík, sem veitt hafa Chihuly og samverkamönnum hans ráðgjöf við þennan hluta sýningarinnar, lögðu til að Reykjanes yrði vettvangur innsetninganna. „Því var vel tekið enda finnst þeim Reykjanesið hafa til að bera hina hráu dramatík sem hentar verkunum,“ segir Sigrún. Innsetningarnar sem rísa munu á auðn og söndum suður með sjó samanstanda að stórum hluta af glerspjótum sem stillt er í trönur eða stungið í jörðu eftir því hvað íslensk náttúra blæs listamönnunum í brjóst.

Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur til 18. maí nk.



Morgunblaðið/Jim Smart

Helga Birgisdóttir, Ingibjörg Klemenzdóttir, Katrín Karlsdóttir, Ingibjörg Ása Gunnarsdóttir, Unnur Sæmundsdóttir og Carolyn Linda, nemendur á 2. og 3. ári eiga verk á sýningunni.

„Átta í mat“

NEMENDUR annars og þriðja árs leirlistadeildar Listaháskóla Íslands opnuðu sýningu í gær, 13. apríl, í Kósý, sýningarsal skólans við Skipholt.

Sýndur er afrakstur hönnunar á matarstellum og er bæði sýnt morgunverðarborð og hádegisverðarborð.

Sýningin stendur til föstudagsins 28. apríl og er opin á skólatíma.